


Magnús Tómasson

Sýniljóð II
Visual Poetry II
&
Skulptur



Sýniljóð II
Visual Poetry II
&
Skulptur

Litahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival, Kjarvalsstaðir 4/6-11/7 1982

Þó að sitthvað sé tilviljun háð í heimi hér, getur það þó ekki verið tilviljunin einber, hver valdist fyrstur til að þiggja starfslaun Reykjavíkurborgar úr hópi listamanna, verða fyrsti „borgarlistamaðurinn“ eins og það hefur verið kallað í gamni og alvöru. Sem betur fer er sú gróska í okkar listum, að úr mörgum góðum kostum var að velja, og verður svo vonandi framvegis, ef þessi tilhögun verður að þeirri hefð sem stefnt er að og staðfest er með vali annars listamanns sem framúrskarar á yfirstandandi ári. Auðvitað kemur sú tilviljun til skjalanna, hvar menn eru staddir í vinnu sinni, þannig að þeir sækist eftir þessari aðstöðu. En það hygg ég flestir menn mæli, að Magnús Tómasson hafi verið vel að þessari viðurkenningu kominn. Verk hans, sem hann kallar „sýniljóð“ eru nýsköpun í okkar myndlist, persónuleg tjáning listamanns er gengur sína eigin götu, sem er ekki að öllu leyti troðin, en hann ratar þó þýsna vel.

Mörg verkanna á sýningunni hafa orðið til á þessu borgar-listamannsári Magnúsar, önnur eru að vísu eldri, en tengjast að myndhugsun og myndform, enn önnur urðu til jafnvel síðar, og einnig þar má sjá samhengi. Magnús Tómasson vinnur oft úr litlum einingum og í þessum smámyndum, sem oft verða að stærri samstæðri heild, tekst honum að láta okkur sjá mannleg fyrirbæri, jafnt hversdagsleg sem furduleg, í nokkuð nýju ljósi: það er sammerkt við nútímaljóðið og myndlíkingar þess.

Myndir Magnúsar segja oft sögu og það gerir ljóðið gjarnan líka, en hinsvegar er hið listræna gildi verkanna á engan hátt bundið söguskilningnum, sem bætist við eins og ný vídd, er eykur við hinn ljóðræna þokka myndformsins, og ekki síður glettni þeirra.

Myndir Magnúsar bera gjarnan með sér boðskap. Honum er ekki nóg að segja frá því að þessi og þessi litur séu skemmtilegir saman, eða að sveigja þessa boga og ósveigjanleiki þessarar línu myndi spennu. Hann er meira í mannheimi en listheimi og þarf ekki að vera minni listamaður fyrir það, sumir myndu segja að meiri.

Þannig eru þessi litlu verk skilaboð til mannkyns sem honum er ant um, og þannig verða þau stór. Því að í heimi listarinnar er flest afstætt og hinir síðustu verða fyrstir og hið smáa stórt.

Það þótti vel við hæfi, að Magnús Tómasson sýndi hér á Listahátíð af-rakstur síns borgar(a)-lega árs. Hér er að verki einn fremsti listamaður sinnar kynslóðar á Íslandi og vonandi sýnir hann okkur og sannar, að það hafi ekki verið svo fráleitt uppátæki hjá Reykjavíkurborg að efna til þessara starfslauna, skemmtileg og órvandi hvatning.

P.K.

Whatever else may be subject to chance in this world, it cannot be pure coincidence that determined who was to be the first artist chosen by the city of Reykjavik to receive a one-year stipend, to be the first "City artist" as it has been called both in jest and earnest. We are fortunate in that the arts are flourishing here, and there were many fine artists to choose from, as we hope will be the case also in the future, if this arrangement becomes the tradition we hope for and as the selection of another outstanding artist for the present year suggests that it will. Of course chance plays a role in determining whether or not an artist decides to apply for a position of this kind: it depends on how his work is progressing. But I think that most people have agreed that Magnús Tómasson was a worthy recipient of this honour. What he calls his "visual poetry" is an innovation in Icelandic visual art, the personal expression of an artist who goes his own path, a path that is not altogether trodden, though he finds his way along it tolerably well.

Many of the works in this exhibition are the product of Magnús' year as "City artist"; others are older, but related to them in conception and form; again others are still more recent, but show a close connection. Magnús frequently works from small units, and in these miniatures, which are often put together to form a larger whole, he is able to show us aspects of human life, both everyday and extraordinary, in something of a new light; this is a common factor with the modern poem and its allegorical use of words and pictures.

Magnús Tómasson's pictures often tell a story; so much is true often of a poem, but in this case the artistic value of the work is not particularly dependent on the story, which so to speak adds to the work a new dimension, increasing the lyrical charm of the visual form, while adding no less to the works' ironical flavour.

Magnús's pictures often carry a message. He is not content to tell us that this colour and that go well together, or that the curve of this line and the inflexibility of that create a tension. He moves more in the world of men than the world of art, not that this necessarily makes him any less of an artist — some would say more so.

These little works, then, are a message from the artist to mankind, a message of concern, and this makes them big, for in the world of art most things are relative, and the last may become first and the small great.

It was considered appropriate that Magnús Tómasson should display the fruits of his year as "City artist" here at the Arts Festival. Here we have at work one of the leading Icelandic artists of his generation, and we trust that he will have justified our decision to establish this stipend as a novel and encouraging stimulus to our artists.

P.K.



*Fundinn píramídi, glataður obeliski (model)
(Found Pyramide, lost obelisk)*

Um „sýniljóð“ eða „visual poetry“

Það var á árunum 1967-69 að ég bjó til ýmsa hluti, sem mér gekk illa að fella að ríkjandi myndstefnum. Í bland voru litlar sprettimyndabækur, þ.e. að þegar opnaður er tvíblöðungur sprettur fram þrívíð mynd, einsog í ævintýrabókunum um Stígvelada köttinn og Hans og Gréta, sem ég minnst frá æsku. Þá dattu mér í hug orðin „visual poetry“, rétt einsog maður veifar röngu tré, og allt verður að heita eitthvað.

Nokkrar þessara sprettimynda rötudu síðar saman í bók, sem gerð var í einu eintaki undir samheitinu „sýniljóð“ eða „visual poetry“. Þessi snörun á ensku orðunum „visual poetry“ yfir í „sýniljóð“ var meira af skyldurækni við það ylhýra en ánægju með orðið.

En hvað er þá „visual poetry“? Ef til vill mætti skilgreina það svona: Það er eitthvað, sem er of tengt ljóði til þess að geta verið mynd og of myndrænt til þess að geta verið ljóð, eða: ekki nógu myndrænt til þess að geta verið mynd og heldur ekki nógu ljóðrænt til þess að vera ljóð. Efnislega eru „sýniljóð“ einsog

hverjar aðrar lygisögur, misjafnlega sannar, misjafnlega myndnar, sumar soldið „lousy - sneddy“ og fljóta hér með sakir frumstæðrar kímniáfu höfundar.

Í upphafi var orðið, og þannig er það með margar myndirnar á þessari sýningu, að orð eða hugtak, goðsögn eða eitthvað slíkt, hefur orðið kveikjan að mynd og stundum ófugt. Myndunum er ekki ætlað það hlutverk að vera síðbætandi, enda höfundur tæpast aflógufar um síðferði, heldur þegar best lætur athugasemd um atburð eða ástand liðins tíma með skírskotun til okkar eigin. Þannig hafa orðið mér hugleiknir þeir kumpánar Mídas með gullið sitt og Herostratos, maður lítlisháttar, sem brenndi til grunna hið undurfagra Artemishof í Efesos í þeim tilgangi að verða frægur. harmi slegnir íbúar Efesos bundust samtökum um að nefna aldrei nafn hans, en fyrir lausmæli sagnaritarans Theopomposar varð nafn Herostratosar frægt að endemum þrátt fyrir allt.

Myndi Herostratos okkar daga láta af iðju sinni, ef honum væri reist vegleggt minnismerki? Tæpast, en þó reynandi! Um Mídas þýðir ekki að fást, hann lærir aldrei af reynslunni.

Þessar myndir mínar eru yfirleitt séðar frá þröngu sjónhorni og gerðar eftir formúlunni að léleg mynd versnar í réttu hlutfalli við stærðaraukninguna, þannig að mér hefur þótt vissara að hafa myndirnar eins litlar og mér var mögulegt. Aftur á móti geta umbúðirnar verið víðamiklar, það er gert til að væntanlegur kaupandi myndi fá tilskilið fermál í hlutfalli við verð.

Oft hef ég reynt að gera mynd þannig að frómur áhorfandi myndi segja: „Þetta hefði ég sosem getað gert sjálfur“, þ.e. ná einhverjum þeim einfaldleik, sem hverjum og einum finnst liggja í augum uppi eftir, en sjálfsagt hefur mér ekki tekist að vera sjálfum mér samkvæmur í því frekar en öðru. Þannig hefur „Ágrip af sögu flugsins“, sem upphaflega átti aðeins að vera 2-3 myndir blásið og tútnað út og sýni ég hér lungann úr þeim myndaflokki, þar á meðal samhengisins vegna nokkrar, sem sýndar hafa verið áður á fyrstu sýningu minni á „visual poetry“ í Gallery Súm 1977.

Undarlegir eru mennirnir, fyrst loka þeir fuglana inni búri, búa svo til vél, sem getur flogið. Síðan skera þeir tungurnar úr næturgölunum og búa til tæki sem syngur. Og þegar ég horfi á þessa vesalings fugla í myndunum, efast ég um sannleiksgildi málsháttarins, að betri sé einn fugl í hendi en sjö í skógi. Ekki veit ég nákvæmlega, hvenær ég fór fyrst að hugsa um flug, en um 4-5 ára aldur kannaði ég flugþol fiskiflugna með því að binda tvinnaspotta um miðjuna á þeim og láta þær síðan fljúga með eins langan spotta og þær þöldu. Álfka langt má rekja egginn. „Ef þú einn góðan veðurdag sérd eitthvað lítið og hvítt koma ofan úr loftinu, þá er það kjarnorkusprengja“, sagði bróðir minn við mig, þegar við vorum minni en við erum núna og vorum að skoða kaffipakkamynd, sem hann fullyrti að væri af vél sem framleiddi kjarnorkusprengjur. Seinna komst ég að því að þetta myndi hafa verið útungunarvél. En síðan hefur mér hætt til að rugla saman eggjum og kjarnorkusprengjum, og ætíð búist við einhverju hvítu ofan frá.



Minnismerki Herostratosar (model)
Herostratos monument

En altént hefur þessi flugsaga orðið umfangsmeiri en efni stóðu til í upphafi og vandséð hvort henni lýkur nokkurn tíma, en hér vil ég skjóta inn í að stóra myndin úr „Sögu flugsins“ er tilcinkuð ameríkumanninum Poul MacCreedy, sem nýverið lét þann árpúsunda draum mannsins að fljúga fyrir eigin vöðvaflí, rætast. Og þá vil ég geta þess að það er ef til vill til marks um vankanta þeirrar myndar að þar hef ég ekki treyst mér til að gera skil þeim ljóðrænasta flughugsuði Cyrus de Bergerac, sem hugðist virkja dögginu sem hann sá líða upp af blómum og fljúga með hennar tilstilli — jafnvel til tunglsins.

Þegar stjórn Kjarvalsstaða gerðist svo léttúðug að veita undirrituðum sámdarheitid Borgarlistamaður með tilheyrandi launum og skyldum í eitt ár, var það með vinnslu tiltekinnar verka í huga, og skyldi síðan kvittast fyrir með sýningu téðra verka á Kjarvalsstöðum. En með því að þegar skrattanum er réttur litlifingurinn tekur hann alla höndina, og að þau verk sem unnin voru á launaárinu urðu illa slitin úr samhengi við þau sem fyrir voru og einnig hin sem síðar komu, hefur þessi sýning kannski orðið stærri en upphaflega var ætlað. Einnig hef ég tínt til nokkra skúlptúra sem tengjast efnis- og hugmyndalega sýningunni.

Ég vil að lokum þakka Reykjavíkurborg, stjórn Kjarvalsstaða og listráðunauti fyrir að hafa létt af mér braudstritinu um sinn og gert þessa sýningu mögulega. Þetta ár á launum skyggði ekkert á borgaralega hamingju mína, nema að hafa ekki stimpilklukku á vinnustofunni og stúlku fyrir framan hjá mér sem sagði: „Því miður, hann er ekki við.“

Magnús Tómasson

Notes on “Visual Poetry”

Back in '67-'69 I put together some objects which I found difficult to squeeze into existing artistic categories. For instance there were little stand-up picture books, that folded out into three-dimensional pictures when opened, like the adventures of Puss-in-Boots or Hans and Gretel that I remembered from my childhood. The name “Visual Poetry” occurred to me, like a square peg in a round hole - everything has to have a name.

Several of these stand-up pictures ended up in a single-copy edition of a book entitled “Visual Poetry”; I also took the pains to ranslate the name into unsullied Icelandic - sýniljóð - though more out of a sense of duty than satisfaction with the new word.

What then is visual poetry? A possible definition might go something like this: visual poetry is something too close to poetry to be a picture and too pictorial to be a poem. Or perhaps: not pictorial enough to be a picture and not poetic enough to be a poem. As far as subject matter is concerned, visual poems are simply run-of-the-mill fabrications, half-truths, half-lies, some less funny than others, some a bit slick and lousy - included here by virtue of their creator's primitive sense of humour.

In the beginning was the word. Just so with many of the pictures in this exhibition: sometimes a word or a concept or a myth sparked them off, sometimes the reverse. The pictures make no claims towards moral edification - hardly the artist's forte - at best they are comments on past events or situations with reference to our own times. For instance I've pondered on those two gentlemen Midas with the golden touch and a certain Cerrostrates, a nobody who brunt down the wondrous temple of Artemis at Ephesos in order to preserve his name for posterity. The grief-stricken people of Ephesos agreed never to mention his name, but the garrulous historian Theopompus let the cat out of the bag.

I wonder if we could restrain the Herostrates of today by erecting for them glorious enough monuments? Hardly: although it might be worth trying. As for Midas, his case is hopeless; he'll never learn.

These pictures of mine are usually visualised from an inferior vantage-point and follow the principal that the quality of a poor picture stands in inverse proportion to its size; thus I have attempted to keep the pictures as small as possible. The framings are often quite bulky, however, in order to redress the balance between size and price.

Several of my pictures are intended to prompt the wise exhibition-goer to say: “That's something I could just as easily have done myself; the idea having been to achieve a simplicity of the type that would strike the observer - in retrospect - as obvious; but I doubt if I have managed to be



Delfi

consistent. This can be seen in "The History of Flight", which was originally conceived as a series of two or three pictures. But it stretched and swelled; I show here the core of the series, including for the sake of consistency a few pictures that have already appeared in my first exhibition of visual poetry in Gallery Súm in 1977.

People are strange: first they put birds in cages, and then they make machines which can fly. And they tear out the tongues of nightingales and contrive devices that sing. When I look at these poor birds in the pictures I become sceptical about the proverb which says that a bird in the hand is worth two in the bush. I'm not sure when I first started thinking about flight; at any rate I was carrying out experiments on the endurance of bluebottles by the age of four or five, tying lengths of cotton thread about their middles to see how long a thread they could lift. The eggs go back to the same period. "If you see something small and white come out of the sky one fine day, it's an atom bomb," my brother told me once when we were both smaller than we are now, poring over a picture on a coffee-packet which he claimed was of a machine that produced atom bombs. Later I found out that the picture was of an incubator. Ever since then I've had a tendency to confuse eggs and atom bombs, and I'm still waiting for something white out of the sky.

Be that as it may, the story of flight has gathered more scope than it set out to do, and the end is still nowhere in sight; but I would like to point out the large picture in "The Story of Flight" is dedicated to the American




Psyche, Akkiles

Paul MacCready, who recently realised mankind's age-old ambition of flying by his own muscle-power. And I would like to mention that it is perhaps symptomatic of the failings of this picture that I hadn't the courage to pay tribute to that most poetic of aerodynamic thinkers Cyrus de Berg-erac, who conceived of harnessing the dew that he saw rising from the flowers and thus to fly - even as far as to the moon.

When the Board of Kjarvalsstaðir took the flippant decision to confer on me the title of Munciple Artist with associated revenue and obligations, a specific project was commissioned which was to culminate in an exhibition at Kjarvalsstaðir. But he who eats with the Devil must have a long spoon: the work produced in the course of this salaried year was not easily divorced from what preceded it and what was to follow. This exhibition has therefore turned out to be larger than was first envisaged. I have also added a few pieces of sculpture which have a material and conceptual affinity with the exhibition as a whole.


My thanks are due to the City of Reykjavík, the Board of Kjarvalsstaðir and the Artistic Advisor for having helped to tide me over for a while and make this exhibition possible. Nothing has conspired to cloud my bourgeois happiness over the past salaried year other than the lack of a time-clock in my studio, and not having a young lady in the foyer to smile and say: "I'm sorry; he's out".

Magnús Tómasson





handa fuglum

Handa fuglum,
For birds






handa fidrildum

handa fidrildum
for butterflies



Myndaskrá

- 1 **Skapandi stærðfræði**, 105x77,5cm, pappírslágmynd
(Creative mathematic, paper embossment)
- 2-7 **Skapandi stærðfræði**, 69x78cm, pappírslágmyndir
(Creative mathematic, paper embossment)
- 8 **Hagnýt biblíusaga**, 69x78, pappírslágmynd
(Practical biblestory, paper embossment)
- 9-11 **Ný grísk goðafræði** Prometheus-Herostratos-Truman
54,5x43x7
(Neo greece mythology)
- 12 **Delfi**, 61,5x71,5x7
- 13 **Psyche, Akkiles**, 60,5x72x9
- 14 **Saga byggingalistar**, 71,5x62,5x7, 4 einingar
(History of architecture)
- 15 **Daidalos var hér**, 70x63x7
(Daidalos was here)
- 16 **Midas var hér**, 70x63x7
(Midas was here)
- 17 **Herostratos var hér**, 70x63x7
(Herostratos was here)
- 18-20 **Morgunn úr lífi Midasar**, 53x61, 3 teikningar með
sepía tússi og 23K gulli.
(One morning from the life of Midas, 3 drawings with sepia
tusch and 23K gold)
- 21-23 **Morgunn úr lífi Herostratosar**, 53x61, 3 teikningar
með sepía tússi og eldi.
(One morning from the life of Herostratos, 3 drawings with
sepia tusch and fire)
- 24-26 **Burt floginn fugl, burt fokið ský**, 61,5x71,5, 3 myndir
(Flown bird, blown cloud)
- 27 **Handa fuglum, handa fíðrildum**, 62x71,5x7, 2 einingar
(For birds, for butterflies)
- 28 **Handa þreyttum fugli**, 61,5x71,5
(For a tired bird)
- 29 **Handa vel fleygum fugli I** 61,5x71,5
For a well fledged bird I)
- 30 **Handa vel fleygum fugli II**, 61,5x71,5
(For a well fledged bird II)



History of aviation. dedicated to Mr. Poul MacCready

- 31 **Inni eða úti?** 61,5x71,5
(Interior or exterior?)
- 32 **Heiðin há og Fjallið eina,** 61x71
(The Heather high and the Lonely mountain)
- 33 **Fjaraskinn, buskinn,** 71x62
(Far off, wide world)
- 34 **Fjaraskinn, buskinn,** 36,5x91,5 2 einingar
(Far off, wide world)
- 35 **Fjaraskinn, buskinn, bláinn,** 97x60
(Far off, wide world, blue air)
- 36 **Hingað, þangað,** 71,5x101,5
(Hither, thither)
- 37 **Svona eða hinsegin,** 71,5x91,5
(Thus or the other way)
- 38 **Hver er sinnar gæfu smiður,** 71,5x91,5
- 39 **Burt!** 61x71,5
(Off!)
- 40 **Hvert?** 61,5x71,5
(Where?)
- 41 **Auglit,** 61,5x71,5
(Confrontation)
- 42 **Regnbogi,** 60x70
(Rainbow)
- 43 **Brofinn regnbogi,** 60x70
(Broken rainbow)
- 44 **Blátt áfram,** 60x70
(Straight forward)
- 45-47 **Myndir um veginn** 61x71
(On the road)
- 48 **Án titils,** 4 einingar
(Untitled)

Ágrip af sögu flugsins
(From the History of Aviation)

- 49-54 **Eggjadráumar,** 54,5x43x7, 6 myndir
(Eggdreams)
- 55 **Mynd tileinkuð Poul MacCready,** 6 einingar
(Picture dedicated to Poul MacCready)
- 56 **Tvímynd,** 62x71,5, 2 myndir
(Dptych)


- 57-66 **Ágrip af sögu flugsins**
(From the History of Aviation)
- 67-69 **Frumdrög að skúlptúr,** teikningar
(Sketches for sculpture)
- 70 **Fugl, fjall, regnbogi,** teikning
(Bird, mountain, rainbow)
- 71 **Soldið láinn fugl, þreytt fjall, lasinn regnbogi,** teikning
(A bit wornout bird, tired mountain, sick rainbow)
- 72 **Galinn fugl, hnípið fjall, þreyttur regnbogi,** teikning
(Crazy bird, mourning mountain, tired rainbow)

Skúlptúr
(Sculpture)

- 73 **Stóll,** '74
(Chair)
- 74 **5 brauð og 2 fiskar,** '78
(Bread and fish)
- 75 **Með kvedju til Chaim Soutine,** '78
(Hommage à Chaim Soutine)
- 76 **Flug-vél,** '69-'70
(Flying-machine)
- 77 **Fundinn píramídi, glataður obeliski,** módel, '81-'82
(Found pyramid, lost obelisk)
- 78 **Minnismerki um Herostratos,** módel, '81-'82
(A Herostratos monument)
- 79 **Ferðabók um fjall og dal,** '77
(Book about mountain and valley)
- 80 **Hagnýtur píramídi I,** '72
(Practical pyramid)
- 81 **Minnismerki um Íkarus,** '71
(An Ikarus monument)
- 82 **Hagnýtur píramídi II,** '72
(Practical pyramid)

Utanhúss
(Ourdoor)


- 82 **Fundinn píramídi, glataður obeliski,** '82
(Found pyramid, lost obelisk)
- 83 **Tæki handa þægum börnum til að nálgast guð og fjarlægjast hann aftur** '72
(A piece for nice kids to approach God and recede from him again)



An titils
Untitled



Handa vel fleygum fugli
For well fledged bird




.....Handa þreyttum fugli
... for tired bird


Handa þreyttum fugli
For a tired bird



Stóll
Chair




Prometheus



Herostratos



Truman



Magnús Tómasson

Magnús Tómasson er fæddur í Reykjavík 1943. Hann lagði stund á myndlist jafnhliða námi í Menntaskólanum í Reykjavík og hélt sína fyrstu myndlistarsýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins aðeins 19 ára gamall árið 1962. Ári síðar hélt hann til Kaupmannahafnar, innritaðist í Listaháskólann og stundaði þar nám í ýmsum deildum fram til ársins 1970.

Hann var þó með annan fótinn heima á þessum árum, stóð að stofnun Gallerís SÚM 1968, hélt einkasýningar og tók þátt í mörgum samsýningum. Þar má nefna sýningar Myndhöggvarafélagsins á Skólavörðuboltinu, sýningu ungra norrænna listamanna í Osló 1970, sýningu SÚM í Amsterdam 1971, og sýningu 11 íslenskra listamanna í Malmö 1978. Magnús hefur haldið margar einkasýningar í Gallerí SÚM og víðar, og um skeið rak hann gallerið. Árið 1968 fékk hann það verkefni hjá Reykjavíkurborg að vinna myndskreytingu fyrir Réttarholtsskóla.

Magnús Tómasson

Magnús Tómasson was born in Reykjavík in 1943. He studied art alongside his regular courses in High School, and held his first official exhibition in 1962, when he was only 19 years old. The following year he went to Copenhagen, where he enrolled in the Academy of Fine Arts and studied there in various departments until 1970.

At the same time, however, he was frequently at home, holding one-man exhibitions or taking part in many group exhibitions, as well as being one of the founders of Gallery SÚM in 1968. Amongst exhibitions he took part in one might mention the exhibitions held by the Association of Sculptors on Skólavörðuholt, the exhibition of young Scandinavian artists in Oslo in 1970, the exhibition by SÚM in Amsterdam in 1971, and an exhibition by eleven Icelandic artists in Malmö in 1978. Magnús has held many one-man exhibitions in Gallery SÚM and elsewhere, and ran the gallery for a time. In 1968 the City of Reykjavík commissioned him to provide reliefs for a new school, the Réttarholtsskóli.

STJÓRN KJARVALSSTADA: *Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, formaður*
Guðrún Helgadóttir, varaformaður
Davíð Oddsson
Jón Reykdal
Porgerður Ingólfssdóttir

FORSTOÐUMAÐUR KJARVALSSTADA: *Alfred Guðmundsson*
LISTARÁÐUNAUTUR KJARVALSSTADA: *Póra Kristjánsdóttir*

LJÓSMYNDIR Í SKRÁ: *Jóhanna Ólafsdóttir*
ADSTOÐ VIÐ SÝNINGU: *Guðrún Svava Svavarsdóttir*
Margrét Magnúsdóttir
Pálmi Jónsson
Sigurður Þórir Sigurðsson
Stefán Halldórsson
o. fl.